

Viðtakandi: Öldungaráð

Sendandi: Umhverfis- og skipulagsvið, Haraldur Sigurðsson

Hér með tilkynnist að hafið er kynningarferli á drögum að umfangsmiklum breytingum á aðalskipulagi, sbr. auglýsing hér að neðan. Óskað er eftir því að umsagnir og athugasemdir, ef einhverjar eru, berist fyrir 20. nóvember nk. Sjá gögn á adalskipulag.is.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

Endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og framlenging skipulagstímabils til ársins 2040

Drög að umfangsmiklum breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur voru lögð fram í skipulags- og samgönguráði þann 7. október og í borgarráði Reykjavíkur þann 15. október sl. Tillögurnar fela m.a. í sér heildaruppfærslu á stefnu um íbúðarbyggð, skilgreiningu nýrra svæða fyrir íbúðir, stakar breytingar á völdum atvinnusvæðum og samgönguinnviðum, auk þess sem sett eru fram ný megin markmið í völdum málaflokkum. Tillögurnar gera enn fremur ráð fyrir því að tímabil aðalskipulagsins verði framlengt til ársins 2040.

Skipulagstillögurnar, ásamt umhverfisskýrslu og öðrum fylgigögnum, hafa verið gerðar aðgengilegar á adalskipulag.is og sendar til skilgreindra hagaðila. Áformað er að kynna tillögurnar á opnum fundi sem verður auglýstur sérstaklega. Óskað er eftir því að umsögnum og athugasemdum verði komið á framfæri fyrir 20. nóvember nk. Þeir sem óska frekari upplýsinga um málið geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Ábendingum og athugasemdum við drögin má koma á framfæri á netfangið skipulag@reykjavik.is, eða skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14.

Bestu kveðjur

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur (Msc.)

Deildarstjóri aðalskipulags

Umhverfis- og skipulagssviði

Reykjavíkurborgar

Sent til:

Íbúaráð í öllum borgarhlutum

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Velferðarráð/svið

Skóla-og frístundaráð/svið

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Öldungaráð

Ungmennaráð

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Faxaflóahafnir

Sorpa

Orkuveita Reykjavíkur

Orka náttúrunnar

Veitur

Borgarsögusafn

**Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH),
Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins,
Kópavogsbær, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær,
Kjósarhreppur, önnur nágrannasveitarfélög
Skipulagsstofnun
Umhverfisstofnun
Minjastofnun Íslands,
Vegagerðin
Samgöngustofa
Isavia
Náttúrufræðistofnun Íslands
Hafrannsóknarstofnun
Orkustofnun
Veðurstofan
Húnsæðis- og mannvirkjastofnunSamtök atvinnulífsins,
Samtök iðnaðarins
Samtök ferðaþjónustunnar
Samtök verslunar og þjónustu
Grænni byggð
Landvernd
Íbúasamtök**